

Viðauki 3 – Afreksstefna ÍF 2013 – 2020

Um flokkanir

Læknaráð ÍF sér um að flokka alla íslenska íþróttamenn með fötlun í byrjun keppnisferlis þeirra á Íslandi í samráði við þjálfara viðkomandi keppanda. Sú flokkun dugar til að fá allan árangur innanlands að fullu viðurkenndan, þar með talin Íslandsmet.

Til að fá árangur á viðurkenndan á alþjóðlegum vettvangi þurfa íþróttamenn hinsvegar alþjóðlega flokkun sem ekki er víst að þeir geti fengið frá læknaráði ÍF, heldur þurfi þeir að fara erlendis til að fá flokkun sína staðfesta þar. Almennt skal miða við að íþróttamaður fari í alþjóðlega flokkun þegar ljóst þykir að hann nálgist það að vera í flokkum A, B eða C. Sé íþróttamaður hjá ÍF að keppa í flokki sem læknaráð ÍF hefur sett hann í og nær ekki neinum lágmörkum í fyrrgreinda hópa, en myndi ná lágmörkum sem keppandi í öðrum flokki, þar sem viðmiðin eru lægri, geta íþróttanefndirnar lagt það fyrir læknaráð ÍF með rökstuðningi um hversvegna íþróttanefndin telur að keppandinn geti fengið nýja flokkun. Læknaráð ÍF tekur svo ákvörðun um hvort rökstuðningurinn dugi til að réttlæta það að senda viðkomandi íþróttamann erlendis í alþjóðlega flokkun.